

Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. desember 2013 R2013110034
T-ums 20/13

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um Orkuveitu Reykjavíkur - 178.
mál, þskj. 218.**

Ríkisskattstjóri hefur þann 22. nóvember 2013 mótttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði lög um Orkuveitu Reykjavíkur þar sem veitunni er veitt heimild til að stofna dótturfélög til reksturs á sérleyfisstarfsemi fyrirtækisins og tryggja þannig að aðgreining rekstrarþátta í starfseminni sé í samræmi við gildandi lög hverju sinni.

I.

Félagaréttarlegar athugasemdir

Í 2. gr. frumvarpsins kemur fram að heimilt verði að sameina starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur eða dótturfélaga þess við sambærilega starfsemi sem rekin er af sveitarfélögum eða öðrum opinberum aðilum eða fyrirtæki í opinberri eigu. Hér kemur þó hvergi fram eftir hvaða lögum slík sameining skuli fara, enda eru ekki til almenn lög um sameignarfyrirtæki.

Ríkisskattstjóri, fyrirtækjaskrá hefur litið svo á að sameignarfyrirtæki geti ekki sameinast öðrum félögum heldur þurfi að slíta því fyrirtæki og færa eignir þess yfir í annað félag sem stofnframlag eða hlutafjánhækkun. Er þetta því frávik frá almennum reglum félagaréttar.

Lausn á þessu gæti verið sú að taka fram í frumvarpinu að ef Orkuveita Reykjavíkur sameinast öðru félagi þá skuli við þá sameiningu fara eftir ákvæðum laga um hluta-einkahlutafélög við samrunaferlið.

Ríkisskattstjóri telur ennfremur að bæta þurfi við 3. gr. þess frumvarps sem hér er til umsagnar ákvæði um að heimilt sé að skipta Orkuveitu Reykjavíkur upp því nú er hvergi að finna ákvæði í almennum greinum frumvarpsins sem heimila beinlínis skiptingu og almenna reglan um sameignarfélög er sú að ekki er heimilt að skipta þeim upp. Rétt þykir að benda á að réttaráhrif þess að framselja einstök einkaleyfi og skipta upp starfsemi eru hvor með sínum hætti og þannig þarf að huga að því í upphafi, hvor leiðin verður valin, hvort heldur varðar féлага- eða skattaréttarlegar afleiðingar. Að mati ríkisskattstjóra er rökrétt að taka fram að skipting Orkuveitu Reykjavíkur sé heimil með hliðsjón af XIV. kafla hlutafélagalaga eftir því sem við á, þannig að dótturfélög í ákveðnum félagaförum taki við þeim eignum sem skipting tekur til og að öðru leyti fari um skiptingaferli í samræmi við lög um hlutafélög nema

hvað varðar þau ákvæði laganna sem taka til endurgjalds til hluthafa í því hlutafélagi sem skipt var.

II.

Skattalegar athugasemdir

Í 1. gr. frumvarpsins kemur fram að Orkuveita Reykjavíkur sé sameignarfyrirtæki í eigu Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar og Borgarbyggðar og að fyrirtækið sé sjálfstæður lögaðili með sjálfstæðan fjárhag, reikningshald og sjálfstæða skattaðild. Í athugasemdum með 1. gr. frumvarpsins kemur fram að nokkur umræða hafi verið um hvort sameignarfyrirtæki sé eðlilegt rekstrarform í ljósi þess að ekki séu í gildi almenn lög um slík félög. Þá er kveðið á um það í bráðabirgðaákvæði III að skipting rekstrarþátta milli Orkuveitu Reykjavíkur og einstakra dótturfélaga skuli ekki hafa í för með skattalegar afleiðingar. Bráðabirgðaákvæði IV kveður svo á um heimild til samsköttunar í samræmi við ákvæði tekjuskattslaga með ákveðinni undanþágu þó frá 4. mgr. 55. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Af þessu tilefni bendir ríkisskattstjóri á að 51. - 54. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, hafa að geyma ákvæði sem gilda um sameiningar og skiptingar félaga. Samkvæmt orðalagi þeirra afmarkast gildissviðið við hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sameignarfélög, en ekki til þess að sameignarfyrirtæki sé annað hvort skipt upp í annað félagsform eða sameinað einkahlutafélagi. Ákvæði 55. gr. áður nefndra laga nr. 90/2003 fjallar aftur á móti um samsköttun hlutafélaga og dótturfélaga þeirra. Sameignarfyrirtæki falla þannig ekki undir þessi ákvæði tekjuskattslaga, en telja verður að orðasambandið „*samsköttun með móðurfélagi sínu*“ í athugasemdum við umrætt ákvæði frumvarpsins sé í þessu tilfelli frekar óheppilegt og gæti einnig verið misvísandi. Ríkisskattstjóri hefði þannig ekki lagaheimild til að fallast á umsókn Orkuveitu Reykjavíkur um samsköttun með dótturfélagi / -félögum sínum. Öðru máli gegnir um samsköttun félaga í eigu OR, þ.e. eignarhaldsfélags (móðurfélags) og dótturfélags þess. Að auki verður, hvorki séð að orðalag bráðabirgðaákvæða í því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar né ummæli í greinargerð ein og sér nægi til að víkja til hliðar skýrum og ótvíræðum ákvæðum skattalaga hvað varðar skilyrði fyrirhugaðrar samsköttunar í skattalegu tilliti.

Til þess að ná betur fram markmiðum frumvarpsins leyfir ríkisskattstjóri sér því að leggja til að bráðabirgðaákvæði III í frumvarpinu verði svohljóðandi:

„Drátt fyrir skilyrði 52. og 54. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal skipting rekstrarþátta milli Orkuveitu Reykjavíkur og einstakra dótturfélaga hennar í samræmi við kröfur raforkulaga nr. 65/2003, sbr. lög nr. 50/2005, ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir Orkuveitu Reykjavíkur, dótturfélög hennar eða aðra eigendur. Eignir og skuldir skulu færast yfir á skattalega bókfærðu verði. Við skiptingu skulu skattalegar skyldur og skattaleg réttindi, þ.m.t. yfirfæranlegt rekstrartap, skiptast á milli fyrirtækjanna í sama hlutfalli og eigið fé, samkvæmt reikningssskilum félaganna við gildistöku laga þessara.“

Að sama skapi leggur ríkisskattstjóri til að bráðabirgðaákvæði IV í frumvarpinu verði svohljóðandi:

„Drátt fyrir ákvæði 55. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er ríkisskattstjóra heimilt að fallast á samsköttun hlutafélags (ohf.) í eigu Orkuveitu Reykjavíkur með dótturfélögum

Þess og skal þeim hlutafélögum sem til verða við uppskiptingu Orkuveitu Reykjavíkur heimilt að nýta yfirfæranlegt tap fyrri ára sem beinlínis stafa af þessum þáttum í rekstri Orkuveitu Reykjavíkur frá því fyrir samsköttun enda séu skilyrði laga nr. 90/2003 fyrir nýtingu rekstrartaps uppfyllt.“

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra

Ingvar J. Rögnvaldsson
Ingvar J. Rögnvaldsson

Guðrún J. Jónsdóttir
Guðrún J. Jónsdóttir